

„Smáralind í roki frá Burger King til Debenhams“ – Nú er komið að okkur

MYNDLIST – BORGARSKIPULAG

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Hvernig borg má bjóða þér?

Til 2. október. Hafnarhús er opið alla daga vikunnar frá kl. 10–17.

Aðgangur að sýningunni Hvernig borg má bjóða þér? er ókeypis.

BORGARSKIPULAG og lýðræði hefur verið í brennidepli síðastliðna áratugi með áherslu á aukna þátttöku borgara við sköpun eigin umhverfis. Þetta er mjög jákvæð þróun sem enn er í mikilli mótun, en ýmsar tilraunir hafa verið gerðar til þess að ná til borgaranna þegar ákvarðanir um skipulag, lagningu hraðbrauta eða byggingu nýrra hverfa hafa verið teknar. Í Evrópu eru listamenn oftast en ekki orðnir nær sjálfsagður hluti af þeim hóp sem vinnur að skipulagsmálum og íbúðþing hversdagslegur viðburður. Slík þing eru einnig haldin reglulega hér á landi, en eflaust er síðan misjafnt hversu mikil áhrif borgararnir hafa á skipulagsmálin á borði, eða hvort íbúðþingin séu aðeins kynningarfundir á ákvörðunum sem varla verður haggð en það vill brenna við meira að segja í litlum bæjarfélögum að þar sem aðgengi að bæjarskrifstofum er gott getur verið erfitt að fá einföldustu umbótum framgengt. Þegar kemur að auknu lýðræði á borði en ekki aðeins í orði eru það þó ekki síst íbúarnir sjálfir sem leika meginhlutverkið.

Það er einmitt þetta samspil íbúa og borgaryfirvalda og þeirra sem hafa borgarskipulag í hendi sér sem nú er í kærkomnum brennidepli í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Nú er komið að okkur, íbúum borgarinnar, að tjá okkur um borgina. Reykjavíkurborg efnir til funda, samráðs og sýningar í Hafnarhúsinu og býður öllum ókeypis aðgang, en þetta ferli er hluti af forvinnu fyrir alþjóðlega hugmyndasamkeppni um heildarskipulag Vatnsmyrar. Á sýningunni kennir margra grasa. Þar má sjá fjöldann allan af teikningum og módelum af skipulagshugmyndum sem lagðar hafa verið fram um þróun byggðar í Reykjavík, sumar hafa orðið að veruleika en aðrar ekki. Þessar upplýsingar eru auðlæsilegar, hugmyndir eru kynntar í tímaröð og magnið er nokkuð víðráðanlegt. Fylgjast með stækkun og þróun borgarinnar frá 7.000 manna byggð um þarsíðustu aldamót, þar sem bóndabærir eru enn næstum inni í byggðinni, allt til dagsins í dag. Leitast er við að gera allar hugmyndir aðgengilegar, t.a.m. eru hugtök á borð við deiliskipulag útskýrð. Á neðri hæð er risastór loftmynd af Reykjavík undir harðplasti svo áhorfendur geta spígsporað milli bæjarhluta, grandskodað hin ýmsu svæði, ekki síst Vatnsmyrina, og fundið húsíð sitt á myndinni ef þeir óska þess, kannski er hægt að sjá einhvern úti í garði að róla? Mjög skemmtilegt að skoða og ganga yfir þessa mynd. Á endavegg er síðan varpað skuggamyndum úr borginni og gæðir það loftmyndina auknu lífi. Efri hæðin býður svo upp á



Morgunblaðið/Árni Torfason

Hvernig borg má bjóða þér? „Nú hefur Reykjavíkurborg rétt íbúum sínum höndina, nú er lag og ég vona að sem flestir skemmti sér og sínum með því að taka þátt í þessu framtaki borgarinnar.“

fyrirnefndar teikningar og módel ásamt tilraunastofunni Úrbanistan sem byggir á þátttöku áhorfenda, þar eru súlan með uppástungum gesta um göngutúra í borginni og SMS-skilaboð borgara sem varpað er á vegg einna liflegust. Einna reykivaskasti og um leið prósaískasti göngutúrinn sem stungið var upp á þegar ég fór að skoða var þessi: „Smáralind í roki frá Burger King til Debenhams“. Þetta nær ansi vel því mest ósjarmerandi sem hægt er að hugsa sér við borgina og um leið er þetta veruleiki sem flestir þekkja, ég gæti trúað að margir þekktu þessa leið betur en Þingholtin. Hér er blákaldrur veruleikinn sem við búum við í hnotskurn og einmitt einföld setning á borð við þessa ætti að geta verið skipuleggjendum og arkitektum innblástur. SMS-skilaboðin virðast ekki eins mikið notuð og aðeins fá voru í umferð, einnig þegar ég skoðaði heimasíðu safnsins, en fer líklega fjölgandi eftir því sem á líður. Hér virðist ást á borginni ráða ríkjum, í setningum á borð við „Ég kyski jafnvel hörðu strætín þín“ og „Ég fókkins

dýrka Reykjavík“, en önnur augnablik birtast líka eins og „Týggjóklessur úti um allt“ og „Týndur strigaskór á Miklubraut leitar eiganda síns“. Hér eru tilfinningar íbúanna og persónuleg upplifun á umhverfinu í fyrirrími. Borð með bókum um skipulagsmál, bæði fyrir börn og fullorðna, blöð og litir, var minna notað. Þar sýndist mér eins og einhver þyrfti að taka af skarið og leiða aðra áfram, en er ekki einföld barnateikning arkitektum líka leiðarljós?

Sýningin í Hafnarhúsi er aðeins hluti af víðamikilli dagskrá, í safninu eru sýndar kvikmyndir daglega og fjölbreytt dagskrá í boði á sýningartímabilinu, leiklist, umræður, leiðsögn og hugmyndasmiðja. Sýningin leggur mikla áherslu á þátttöku borgaranna með ýmsu móti, t.d. eru kennarar og leikskólakennarar hvattir til að fara með nemendur sína í gönguferðir um sitt hverfi, skrá hjá sér hugmyndir og senda inn. Slík ganga gæti verið fyrsta skrefið í átt að því að vekja börn til umhugsunar og sýna þeim að einnig þau geta

tekið þátt í sköpun umhverfis síns. Á sýningunni er gestum síðan boðið að koma með tillögur að skipulagi Vatnsmyrarinnar en nú styttest í framkvæmd alþjóðlegrar hugmyndasamkeppni þar að lútandi. Þrjár spurningar eru lagðar fram sem fólk er hvatt til þess að svara. Ég vonast til þess að svör frá borgurum verði sýnilegri þegar líður á sýninguna, bæði á safninu og á heimasíðu, þegar ég skoðaði sá ég engin svör frá áhorfendum við þessum spurningum. Viðhorf borgaranna hljóta að vera mikilvægur þáttur í umræðunni um skipulag borgarinnar. Nú hefur Reykjavíkurborg rétt íbúum sínum höndina, nú er lag og ég vona að sem flestir skemmti sér og sínum með því að taka þátt í þessu framtaki borgarinnar. Það er nefnilega fyrst og fremst okkar framlag sem skapar þessa sýningu, aðeins við öll getum gætt hana lífi. Sýning af þessum toga er einnig jákvæð fyrir mynd safnsins sem hér fagnar áhorfendum sínum og virðir framlag þeirra.

Ragna Sigurðardóttir

Kvikmyndir

Borgarbió, Akureyri

Bewitched
The Man ★★☆☆☆ (HJ)
Deuce Bigalow – European Gigolo ★★☆☆☆ (HJ)

Smárabíó

Bewitched
Red Eye
The Man ★★☆☆☆ (HJ)
Night Watch
Deuce Bigalow – European Gigolo ★★☆☆☆ (HJ)
Sharkboy og Lavagirl ★★☆☆☆ (SV)

Regnboginn

Bewitched
Night Watch
Deuce Bigalow – European Gigolo ★★☆☆☆ (HJ)
Broken Flowers ★★☆☆☆ (HJ)
Ævintýraferðin m. ísl. tali ★★☆☆☆ (SV)

Laugarásbíó

The 40 Year-old Virgin
The Man ★★☆☆☆ (HJ)
Land of the Dead ★★☆☆☆ (SV)
Ævintýraferðin m. ísl. tali ★★☆☆☆ (SV)
Wedding Crashers ★★☆☆☆ (HJ)

Háskólabíó

The 40 Year-old Virgin
Valiant m. ísl. tali
The Cave
Charlie and the Chocolate Factory ★★☆☆☆ (HJ)
Strákarnir okkar ★★☆☆☆ (SV)
The Dukes of Hazzard ★★☆☆☆ (SV)
Sambíóin Reykjavík, Keflavík, Akureyri
The 40 Year-old Virgin
Valiant m. ísl. tali
The Cave
Sky High
Charlie and the Chocolate Factory ★★☆☆☆ (HJ)
Strákarnir okkar ★★☆☆☆ (SV)
Deuce Bigalow – European Gigolo ★★☆☆☆ (HJ)
The Dukes of Hazzard ★★☆☆☆ (SV)
Racing Stripes ★★☆☆☆ (SV)

Myndlist

Artótek, Grófarhúsi: Ingimar Waage til 25. september.
Banananas: Púriður Helga Kristjánsdóttir og Tinna Ævarsdóttir til 24. september.
Café Karólína: Arnar Tryggvason til 30. september.

Epal: Finnur Arnar út sept-ember.

Fugl: Ólafur Gíslason til 2. október.
Gallerí 101: Sigurður Árni til 22. okt.
Gallerí 100°: Guðbjörg Lind, Guðrún Kristjánsdóttir, Kristín Jónsdóttir til 25. október.
Gallerí Fold: Haraldur Bilson til 2. október.
Gallerí Gyllinhæð: Ingunnur Fjöla Ingþórsdóttir til 2. okt.
Gallerí Húnoghún: Anne K. Kalsgaard og Leif M. Nielsen til 21. okt.
Gallerí Sævars Karls: Kristín Ragna.
Gallerí Terpentine: Ásdís Spanó til 3. október.
Gerðarsafn: Kjarval 120 ára. Til 2. okt.
Graffíksafn Íslands: Helga Ármannsdóttir til 2. okt.
Gerðuberg: Einar Arnason til 6. nóvember. Þórdís Zoëga til 13. nóv.
Hafnarborg: Eiríkur Smith til 26. september.
Hrafnista, Hafnarfirði: Sess-elja Halldórsdóttir til 4. október.
i8 Gallerí: Ólöf Nordal til 15. október.

Ís-café: Bjarney Sighvatsdóttir til 15. nóvember.

Kaffi Sólun: Kristín Tryggvadóttir til 22. okt.
Kling og bang: Malcolm Green. Goddur, Bjarni H. Þórarinnsson og Ómar Stefánsson til 25. september.
Listasafnið á Akureyri: Jón Laxdal til 23. október.
Listasafn ASÍ: Anna P. Guðjónsdóttir. Kristleifur Björnsson. Til 9. okt.
Listasafn Arnesinga: Sýningin í Tívoli til 25. september.
Listasafn Einarssonar: Fastasýning.
Listasafn Ísafjarðar: Katrín Elvarsdóttir, fram í október.
Listasafn Íslands: Íslensk myndlist 1945–1960.
Listasafn Reykjanesbæjar: Eiríkur Smith til 16. okt.
Listasafn Reykjavíkur, Ásmundarsafn: Maðurinn og efnid. Yfirlitssýning. Til 2006.
Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús: Guðrún Vera Hjartardóttir til 30. desember. Hvernig borg má bjóða þér? til 2. október. Erró til 23. apríl.
Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir: Úrval verka frá 20. öld til 25. september.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar: Hraunblóm: Elsa Afelt, Carl-Henning Pedersen, Svar Guðnason og Sigurjón Ólafsson, til 27. nóv.

Listhús Ófeigs: Gunnar S. Magnússon til 26. okt.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur: Lars Tumbjörk til 20. nóvember.
Norræna húsið: QuiltQunstrerne til 30. september.
Nýlistasafnið: Ásta Ólafsdóttir. Unnar Jónasson Auðarson. Daði Guðbjörnsson til 2. október.
Næsti bar: Áslaug Sigvaldadóttir til 14. október.
Safn: Ólafur Elíasson til miðs október. Stefán Jónsson til nóvember.
Safn Ásgríms Jónssonar: Þjóðsagnamyndir Ásgríms Jónssonar.
Skaftfell: Bryndís Ragnarsdóttir til 8. okt.
Suðusövestur: Gjörninga-klúbburinn. Til 25. september.
VG Akureyri: Sex ungir listamenn. Til 14. október.
Þjóðarbókhlaðan: Brynjólfur Sveinsson til áramóta.
Þjóðminjasafn Íslands: Skuggaföll. Portrettnmyndir

Kristins Ingvarssonar. Story of your life – ljósmyndir Haraldar Jónssonar. Mynd á þili.

Þjóðmenningarhúsið: Sýning á tillögum um tónlistarhús til 5. okt.
Prastalundur, Grímsnesi: Reynir Þorgrímsson til 5. október.
Leiklist
Austurbær: Annie, sun 2. okt. Ávaxtakarfan sun.
Borgarleikhúsið: Kalli á þakinu sun, lau. Manntafl sun., sun. Alveg briliant skilnaður lau., mál., fim., fös. Woyzeck fors. fim, fös. Híbyli vindanna lau. Lífsins Tré lau., fös.
Hafnarfjarðarleikhúsið: Himnaríki lau., fös.
Íslenska óperan: Kabarett, fös. Tökin hert. Frums. 21. okt.
Leikfélag Akureyrar: Belgíska Kongó fös 30. sept. Fullkomið brúðkaup frums. 20. okt.
Loftkastalinn: Bítill 30. sept.
Þjóðleikhúsið: Klaufar og kóngsdætur sun. Edith Piaf lau., fim., fös. Koddamaðurinn lau., fös.